

## Foreldrafélag Leikskólans Tjarnarskógar

- Fyrsti fundur nýrrar stjórnar skólaárið 2019-2020.  
Haldinn þann 2. september 2019 kl. 20.30 á Gistihúsinu.

Mættir fyrir hönd foreldrafélagsins: Þorgeir Arason, Björg Eypórsdóttir, Lilja Kristín Jónsdóttir og Elísabet Tómasdóttir. Fyrir hönd leikskólans situr fundinn Sigríður Herdís Pálsdóttir, leikskólastýra.

Fundarritari: Björg Eypórsdóttir.

### 1. Skipting hlutverka í stjórn skólaárið 2019 – 2020.

Hlutverkaskipting lögð til á fundinum og samþykkt einróma.

Þorgeir Arason – formaður

Elísabet Tómasdóttir – gjaldkeri

Björg Eypórsdóttir – ritari

Lilja Kristín Jónsdóttir – meðstjórnandi

Eygló Jóhannesdóttir – meðstjórnandi

### 2. Viðburðir á haustönn.

Engir fastir viðburðir fyrir jól fyrir utan að ráða jólasveinana og aðstoða þá fyrir jólaballið (17. desember). Þorgeir tekur að sér að heyra í jólasveinunum. Ræddar hugmyndir um gjafakaup, hugmyndir t.d.; bækur, tannburstar. Einróma samþykki um að reyna að hafa gjafirnar umhverfisvænar. Spurning hvort eigi að hafa sitthvora gjöfina fyrir eldri og yngri álmu. Ákveðið að kasta á milli hugmyndum á facebook-síðu félagsins og taka ákvörðun þegar nær dregur. 186 börn í leikskólanum þetta skólaár.

Lagt er til að hafa fræðslu fyrir foreldra á haustönn. Alma á Skólaskrifstofu Austurlands hefur áður gefið færi á sér í svoleiðis verkefni og ákveðið að

heyra í henni og athuga með fræðslu um t.d. jákvæð samskipti, svefn barna eða fá hugmyndir frá henni. Lilja tekur að sér að hafa samband við hana.

3. Farið yfir fjármálastöðu félagsins og innistæðu reikninga. Frá síðasta skólaári; ekki búið að greiða taupokaverkefni. Ekki önnur útgjöld sem standa út af.

Næsti fundur er undirbúningur fyrir jólasveinaaðstoð þegar þar að kemur eða fyrr eftir þörfum. Samskipti stjórnar fram að því með óformlegri hætti.

Fundi slitið kl. 21.20.